

Þessar leiðbeiningar gilda fyrir kjúklinga, kalkúna og aðra sláturfugla í eldi.

Svona skalt þú taka sýni

Lýsing

Sýnið þarft þú að taka 7 til 21 dögum fyrir slátrun. Niðurstöður úr rannsókn sýnis þurfa að liggja fyrir áður en hópurinn er fluttur í sláturhúsið.

Þú tekur eitt safnsýni annarhvort með tveimur sokkapörum eða einu sokkapari og einu ryksýni.

Sokkasýni (skóhlífasýni)

Þú notar rakdrægt efni, t.d. grisjuhólka, sem þú klippir í u.þ.b. 50cm langa búta.

Þú vættir sokkana fyrir sýnatöku með hreinu vatni úr eldishúsinu (sama vatn og drykkjarvatnið fyrir fuglana). (Ath: Ekki er leyfilegt að nota vökva með sótthreinsandi eða sýkladrepandi efnum.

Ekki má nota sótthreinsandi efni á skóna. Ef fótabað með sótthreinsandi efni eru notuð skalt þú nota einnota skóhlífa undir sýnatökubúnaðinum.)

Sokkaparið er sett yfir skófatnaðinn sem tilheyrir eldishúsinu. Þú festir sokkinn með því að rífa grisjuna og hníta saman.



Svo gengur þú um allan eldissalinn þannig að sýni fæst úr mismunandi svæðum (svo sem þurr og blaut svæði). Skóhlífaparið tekur þú varlega af skófatnaðinum (svo ekki hrynji af sokkunum) og setur það gætilega í nýjan hreinan plastpoka. Sýnataka er endurtekin ef þú tekur sýni með tveimur sokkapörum, þá gengur þúð tvisvar sinnum um hálfan eldissalinn, og bæði sokkapörin setur þú í sama poka.

Ryksýni

Þú notar einnota hanska til að safna ryk, a.m.k. 100g í poka eða glas sem tekur minnst 250ml. Sýni eru tekin allstaðar í húsinu.

Þú mátt einnig nota eitt eða fleiri taustykki með a.m.k. 900cm² flatarmál, sem var/voru vætt eins og sokkarnir og safnar ryk allstaðar í húsinu. Ryksýnið skalt þú setja í sér poka. Á rannsóknarstofu verða sokkaparið og ryksýnið rannsökuð sem eitt safnsýni.

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer eldishópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskini.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökur skv. reglugerð (EB) nr. 646/2007, innleidd með reglugerð nr. 1014/2011.

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011